

FUNDARGERÐ FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

153. fundur félagsmálaráðs, haldinn miðvikudaginn 29. október, 2014 kl. 10.00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Sigrún Birna Gunnarsdóttir, formaður, Maríanna Eva Ragnarsdóttir, varaformaður, Guðmundur Haukur Sigurðsson, aðalmaður, Sigríður Elva Ársælsdóttir, aðalmaður, Gerður Rósa Sigurðardóttir, varamaður.

Embættismenn:

Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir.

Dagskrá:

1. Lagðar fram afgreiðslur fjölskyldusviðs frá síðasta fundi.
2. Fjárhagsaðstoð. Reglur og framkvæmd.
3. Jafnréttismál.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagðar fram afgreiðslur fjölskyldusviðs frá síðasta fundi, sjá trúnaðarbók.
2. Fjárhagsaðstoð, reglur og framkvæmd rædd. Henrike Wappler mætti til fundarins undir þessum lið, ákveðið að fara yfir verklagsreglur.
3. Samkvæmt jafnréttisáætlun Húnaþings vestra skal jafnréttisnefnd hafa umsjón með því að hafa fræðslu um jafnréttismál í október ár hvert. Jafnréttisnefnd fékk Bergljótu Þrastardóttur frá Jafnréttisstofu til að vera með fræðslu um jafnréttismál þann 16. október sl., fyrst fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Síðar um daginn var fræðsla fyrir starfsfólk skólanna og aðra sem starfa með börnum og unglíngum. Almenn ánægja var með fræðsluna.
4. Önnur mál. Umsóknir um félagslega heimaþjónustu, sjá trúnaðarbók. Drög að fjárhagsáætlun kynnt. Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fór yfir drögin og kynnti fyrir nefndinni.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 11:27

Sigrún Birna Gunnarsdóttir

Maríanna Eva Ragnarsdóttir

Gerður Rósa Sigurðardóttir

Sigríður Elva Ársælsdóttir

Guðmundur Haukur Sigurðsson

Esther Hermannsdóttir